

Insúlín þolpróf

Insúlín þolpróf er framkvæmt til að fá upplýsingar um hormónaframleiðslu heiladinguls. Í prófinu er gefinn lítill skammtur af insúlíni í æð og við það fellur blóðsykur. Við mikið lækkaðan blóðsykur eða blóðsykursfall leitast líkaminn við að ná aftur jafnvægi á blóðsykri með því að auka meðal annars framleiðslu vaxtarhormóns og kortisóls. Meðan á þolprófinu stendur eru teknar blóðprufur með jöfnu millibili til að kanna virkni þessara hormóna.

Forföll

Forföll eða veikindi á rannsóknardag skal tilkynna innkirtlagöngudeild sem fyrst í síma 543 6331.

Undirbúningur

Fasta

Til að áreiðanlegar niðurstöður fáið í prófinu er nauðsynlegt að fasta fyrir rannsóknina. Ekki má borða mat frá klukkan 24 kvöldinu áður. Óhætt er að drekka vatn en ekki aðra drykki. Ekki má drekka áfengi kvöldið fyrir rannsóknina þar sem það getur stuðlað að frekari lækun blóðsýkurs.

Lyf

Sum lyf má ekki taka samhliða rannsókninni. Ef notuð eru lyf að staðaldri, metur læknir hvort taka megi þau að morgni rannsóknardags.

Annar undirbúningur

Nauðsynlegt er að hafa með sér nesti til að borða þegar rannsókninni lýkur. Ráðlagt er að koma með samloku, ávöxt og ávaxtasafa, þar sem insúlínið sem lækkar blóðsykurinn getur virkað aðeins áfram að prófi loknu. Ráðlagt er að klæðast þægilegum fatnaði þar sem búast má við að svitna talsvert í þolprófinu. Notkun farsíma er ekki möguleg meðan á prófinu stendur. Ekki má aka bíl eða öðru ökutæki á rannsóknardaginn.

Rannsóknardagur

Mæta á innkirtlagöngudeild G3 á Landspítala í Fossvogi klukkan 8 að morgni rannsóknardags. Deildin er staðsett á hæðinni fyrir ofan bráðamóttöku.

Gera þarf ráð fyrir að þolprófið taki 4-5 klukkustundir. Við komu á deildina er líkamsþyngd mæld og út frá henni ákvarðast magn insúlíns sem gefið er. Settir eru upp tveir æðaleggir og úr þeim eru blóðprufur teknar með reglulegu millibili og gefið saltvatnsdreypi. Meðan á þolprófinu stendur þarf að vera útafliggjandi. Ekki má drekka vatn fyrr en rannsókn er lokið en gjarnan má skola munninn.

Framkvæmd þolprófs og eftirlit

Hjúkrunarfræðingur framkvæmir prófið og er viðstaddur þann tíma sem það tekur, meðal annars til að taka blóðsýni, fylgjast með líðan og einkennum, mæla blóðþrýsting og púls og blóðsykur. Blóðsykur er mældur með því að stinga finni nál í fingurgóma reglulega.

Þegar insúlín er gefið lækkar blóðsykurinn og vart getur orðið óþæginda sem ganga tiltölulega hratt yfir og eru ekki hættuleg. Eðlilegt er að finna fyrir hungri og löngun í sætmeti. Einnig er algengt að finna fyrir köldum svita, skjálfta, önguleika, höfuðverk og aukinni svefnþörf. Til að hægt sé að fylgjast með líðan er mikilvægt að halda sér vakandi meðan á rannsókninni stendur.

Að lokinni rannsókn

Matur og drykkur

Þegar prófinu lýkur, má borða kolvetnaríkan mat og drekka að vild. Æskilegt er að borða á tveggja klukkustunda fresti fram til klukkan 18. Fyrir heimferð þarf blóðsykur að vera orðinn stöðugur.

Vinna

Gera þarf ráð fyrir hvíld eftir þolprófið og þar með fri frá vinnu þann daginn.

Endurkomutími

Fyrir útskrift er bókaður endurkomutími þar sem niðurstöður úr prófinu eru kynntar.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina skv. galdskrá Landspítala

Hafa skal samband við göngudeild G3 eða vakthafandi innkirtlalækni ef:

- áframhaldandi einkenni eru um blóðsykursfall (mjög sjaldgæft)

Innkirtlagöngudeild G3 er opin virka daga kl. 8 til 16, sími 543 6331 / 825 3651.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
LYFLÆKNINGASVIÐ
JAN 2016
LYF-499

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR INNKIRTLA- OG
EFNASKIPTASJÚKDÓMALÆKNINGA
OG DEILDARSTJÓRI
INNKIRTLAGÖNGUDEILDAR G3

HÖNNUN:

KYNNINGARMÁL LSH